

1926

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 317/1992. **Gísli Magnússon,**  
**Sigurður Á. Magnússon,**  
**Eiríkur Gíslason,**  
**Konráð Gíslason,**  
**Sigurður Gíslason,**  
**Jósep Benediktsson og**  
**Þórður Benediktsson**

gegn

**Stellu Guðmundsdóttur og**  
**Ingibjörgu Ástu Hafstein.**

Kærumál. Erfðaskrá. Lögur. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar kærðu til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Hafnarfjarðar 29. júní sl., fyrst með kæru 9. júlí, sem eigi var metin gild, og síðan með kæru 1. september. Um kæruheimild vísa þeir til 2. mgr. 153. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Þeir krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að arfleiddsluskrá Else Margrethe Gíslason, dagsett 12. desember 1978, verði dæmd ógild og við skipti á dánarbúi hennar verði erfðaskrá frá 28. júlí 1948 lögð til grundvallar að svo miklu leyti sem unnt er, þ. e., að jafnvirði fasteignarinnar Suðurgötu 35, Hafnarfirði, í peningum verði greitt bréferfingjunum Gísla Magnússyni og Sigurði Á. Magnússyni, en eftirstöðvar dánarbúsins renni til lög-erfingja beggja hjónanna Else Margrethe Gíslason og Gunnars Gíslasonar, þ.e. til sóknaraðila máls þessa. Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, í peningum renni til Gísla Magnússonar og Sigurðar Á. Magnússonar samkvæmt erfðaskrá frá 28. júlí 1948, helmingur eftirstöðva dánarbúsins renni til sóknaraðila samkvæmt erfðareglum, en hinn helmingur renni til bréferfingja, varnaraðila máls þessa, samkvæmt erfða-

skránni frá 12. desember 1978. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hjónin Else Margrethe og Gunnar Gíslason, sem voru barnlaus, gerðu með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá 28. júlí 1948. Þar segir, að eigur þeirra skuli það þeirra, er lifir hitt, erfa, en við lát þess, er lengur lifir, eða ef þau féllu frá samtímis, skuli eigur þeirra ganga til móður frú Else, Johanne Christine Jørgensen, Fjóni í Danmörku, „nema eigur þær, er Gunnar Gíslason á í óskiptu búi hjá föður sínum, en þær ættu að ganga til Valgeirs Óla Gíslasonar, Suðurgötu 74, og Gísla Gunnars Magnússonar, Suðurgötu 74, og Sigurðar Ágúst Magnússonar, til heimilis að sama stað, og skiptast jafnt þeirra á milli“.

Móðir frú Else lést árið 1962. Faðir Gunnars, Gísli Gunnarsson, lést í desember á því ári. Við skipti á dánarbúi hans árið 1965 kom húseignin Suðurgata 35 í Hafnarfirði í hlut Gunnars. Gunnar lést 1968. Með skiptagerð 1970 fékk frú Else afhentar allar eignir dánarbús hans til eignar og fullra umráða án nokkurra kvaða. Þar með hafði frú Else full umráð eigna þeirra hjóna, eins og erfðaskráin frá 1948 hafði gert ráð fyrir. Kröfur sóknaraðila lúta að því, að hún hafi ekki mátt ráðstafa eignum sínum með erfðaskránni 12. desember 1978.

Skilja ber ákvæði hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár frá 1948 svo, að megingiltangur hennar hafi verið að tryggja langlífari maka óskertan erfðarétt eftir hinn skammlífari, en þessu næst að veita móður frú Else stöðu einkaerfingja að þeim hjónum látnum með þeirri takmörkun, sem fólst í þeim eignum, sem Gunnar átti í óskiptu búi föður síns. Sú takmörkun gat aðeins komið til framkvæmda, ef hjónin hefðu bæði látist á undan tilgreindum foreldrum sínum og bú Gísla Gunnarssonar hefði verið óskipt við andlát langlífari makans. Þegar Gunnar fékk arfinn eftir foreldra sína 1965, voru forsendur brostnar fyrir bréfarfi þessum.

Frú Else var einkaerfingi eiginmanns síns og hafði samkvæmt 34. og 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962 heimild til að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá, þar sem skylduerfingjum var ekki til að dreifa. Með erfðaskrá sinni 12. desember 1978 ráðstafaði hún

eignum sínum, og nær krafa sóknaraðila til arfs eftir Gunnar Gíslason á grundvelli lögerfða því ekki fram að ganga.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum samtals 80.000 krónur í kærumálskostnað.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Gísli Magnússon, Sigurður Á. Magnússon, Eiríkur Gíslason, Konráð Gíslason, Sigurður Gíslason, Jósep Benediktsson og Þórður Benediktsson, greiði varnaraðilum, Stellu Guðmundsdóttur og Ingibjörgu Ástu Hafstein, samtals 80.000 krónur í kærumálskostnað.

#### S é r a t k v æ ð i

##### **Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.**

Málavextir í máli þessu eru fyrir ýmissa hluta sakir óljósir. Hefði því samkvæmt heimild í 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála mátt gefa lögmönnum kost á að flytja málið munnlega. Yrði málið ekki fullskýrt á þann veg, kom til greina að vísa því frá héraðsdómi. Þar sem munnlegur flutningur málsins er ekki nauðsynlegur fyrir niðurstöðu meiri hluta dómenda, leitast ég við að leggja efnisúrlausn á málið, án þess að málið sé flutt á þann veg.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, er varðar arf þann, er Gunnar Gíslason átti í óskiptu búi föður síns, þá er erfðaskráin frá 28. júlí 1948 var gerð. Við skipti á dánarbúi föður Gunnars árið 1965 kom húseignin Suðurgata 35, Hafnarfirði, í hlut Gunnars. Verður ekki annað af málinu ráðið en húseignin hafi verið föður- og móðurarfur hans, að hálfu eftir hvort þeirra, sbr. 2. mgr. 19. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt erfðaskránni frá 1948 á því helmingur verðgildis húseignarinnar að renna til bréferfingjanna Gísla Magnússonar og Sigurðar Á Magnússonar, en erfinginn Valgeir Óli Gíslason var látinn, áður en arfurinn féll til við lát Else Margrethe Gíslason. Liggur ekki annað fyrir en húseignin sé enn til og meta megi hana á því verði, sem hún gengur kaupum og sölum á fasteignamarkaði í dag að frádregnum breyt-

ingum og endurbótum, hafi þær verið gerðar eftir sölu húseignarinnar 10. apríl 1978.

Gunnar Gíslason varð bráðkvaddur 1968, og hafði erfðaskránni frá 1948 þá ekki verið breytt. Við skipti á „dánarbúi og félagsbúi“ hans og konu hans mætir hún með erfðaskrána og fær samkvæmt bókun skiptaráðanda „til fullra eigna og umráða samkvæmt erfðaskránni allar eigur dánar- og félagsbúsins“. Verður við það að miða, að það hafi gerst að geymdum hugsanlegum rétti ofangreindra bréferfingja, enda er það í ágætu samræmi við erfðaskrána.

Þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að framkvæma erfðaskrána að þessu leyti, ber að fara eftir þeirri grundvallarreglu erfðaréttar að virða arfleiðsluviljann, en ekkert í málinu bendir til þess, að skammlífari makinn hafi breytt þeim vilja sínum, að arfur eftir móður hans félli ættingjum hans í skaut. Niðurstaða mín er því sú, að virða beri erfðaskrá frú Else Margrethe Gíslason frá 12. desember 1978 með þeim takmörkunum, sem að ofan greinir. Áfrýjendurnir Gísli Magnússon og Sigurður Á. Magnússon eiga þannig að fá í sinn hlut jafnvirði hálftrar húseignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, og ber stefndu Stellu Guðmundsdóttur að inna þá greiðslu af hendi.

### Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 29. júní 1992.

#### I.

##### *Úrskurðarkröfur.*

Mál þetta er tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 4. júní 1992. Vegna anna í tengslum við réttarfarsbreytingar dróst uppkvaðning úrskurðarins.

Sóknaraðilar, þeir Konráð Gíslason, kt. 101003-4859, Úthlíð 4, Reykjavík, Sigurður Gíslason, kt. 300911-2939, Suðurgötu 74, Hafnarfirði, Gísli Magnússon, kt. 020632-4379, Háabarði 2, Hafnarfirði, Sigurður Á. Magnússon, kt. 220234-2239, Elliðavöllum 3, Keflavík, Jósep Benediktsson, kt. 030741-2189, Akurholti II, Rangárvallasýslu, Þórður Benediktsson, kt. 231043-2179, Varkstadsgatan 3, Dalby, Svíþjóð, og Eiríkur Gíslason, kt. 130641-4239, Heiðarholti 32 B, Keflavík, hafa gert þá kröfu aðallega, að arfleiðsluskrá Else Margrethe Gíslason, dags. 12. desember 1978, verði dæmd ógild og við skipti á dánarbúi Else Margrethe Gíslason verði arfleiðsluskráin frá 28. júlí 1948 lögð til grundvallar að svo miklu leyti sem

hægt er, þ. e., að jafnvirði fasteignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, verði greitt bréferfingjum, þeim Gísla Magnússyni og Sigurði Ágústi Magnússyni, en eftirstöðvar dánarbúsins renni til lögerfingja Margrethe Else Gíslason og Gunnars Gíslasonar, þ. e. til sóknaraðila máls þessa.

Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, renni til Gísla Magnússonar og Sigurðar Ágústs Magnússonar skv. erfðaskránni frá 28. júlí 1948, helmingur eftirstöðva dánarbúsins renni til sóknaraðila skv. erfðareglum, en hinn helmingur renni til bréferfingja, varnaraðila máls þessa skv. erfðaskránni frá 12. desember 1978.

Þá er bæði í aðal- og varakröfu krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun, og beri úrskurðaður málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags.

Varnaraðilar, þær Stella Guðmundsdóttir, kt. 250441-2489, Eikjuvogi 25, Reykjavík, og Ingibjörg Ásta Hafstein, kt. 190453-3679, Einimel 11, Reykjavík, krefjast þess aðallega, að erfðaskrá Else Margrethe Gíslason, sem dagsett er 12. desember 1978, verði metin gild að efni til og dánarbú hennar verði framselt Stellu Guðmundsdóttur til einkaskipta.

Til vara krefjast varnaraðilar þess, að erfðaskráin frá 12. desember 1978 verði metin gild, en Stellu Guðmundsdóttur verði gert að greiða Gísla Magnússyni og Sigurði Magnússyni framreiknað söluverð húseignarinnar að Suðurgötu 35 í Hafnarfirði miðað við greiðslukjör skv. kaupsamningi á réttarskjali nr. 7.

Þá er þess krafist, að sóknaraðilar verði óskipt (in solidum) úrskurðaðir til þess að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar með talinn virðisaukaskatt, og beri málskostnaður dráttarvexti 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Sáttaumleitanir dómarsans báru ekki árangur.

## II.

### *Málavextir.*

Aðdragandi máls þessa er sá, að 3. desember 1991 barst skiptarétti Hafnarfjarðar beiðni frá sóknaraðilum máls þessa um opinber skipti á dánarbúi Else Margrethe Gíslason, kt. 190913-2959, er lést 17. nóvember 1991, síðast til heimilis að Hólabraut 6, Hafnarfirði. Hinn 5. desember 1991 barst skiptarétti beiðni frá Stellu Guðmundsdóttur, þar sem þess er farið á leit, að henni verði afhent dánarbúi Else Margrethe Gíslason til einkaskipta. Vegna fram kominna beiðna voru aðilar boðaðir til þess að mæta í skiptarétti Hafnarfjarðar 11. desember 1991. Með bókun í skiptabók 11. desember 1991 var ákveðið, að dánarbúið yrði tekið til opinberra skipta,

með vísan til 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sóknaraðilar máls þessa reisa arfsrétt sinn á erfðaskrá frá 28. júlí 1948. Skúli J. Pálmason hrl. mótmælti f. h. Stellu Guðmundsdóttur, að búið væri tekið til opinberra skipta, á grundvelli þess, að þeir aðilar, sem færu fram á opinber skipti, væru ekki lögmætir erfingjar búsins, þar sem í erfðaskrá frá 12. desember 1978 hefði Else Margrethe arfleitt Stellu Guðmundsdóttur að öllum eigum sínum að undanskildum nokkrum tilgreindum eignum. Ákveðið var þá að flytja mál þetta til að leysa úr þeim ágreiningi, hver eða hverjir ættu arfstilkall í dánarbú Else Margrethe Gíslason, en jafnframt var ákveðið, að dánarbú arfláta yrði undir opinberum skiptum, meðan leyst yrði úr þeim ágreiningi. Þar sem yfirlýsing lá fyrir frá þeim erfingjum, sem gefið höfðu sig fram, um það, að þeir myndu taka á sig ábyrgð á skuldum búsins, fer meðferð þess eftir reglum um skuldaviðgöngubú. María Thoroddsen og Guðrún Ella Möller, sem hljóta eiga gjafir skv. erfðaskránni frá 12. desember 1978, eru ekki aðilar máls þessa, þar sem sóknaraðilar hafa í greinargerð lýst yfir, að verði erfðaskráin frá 12. desember 1978 dæmd ógild, muni þeir afhenda þá muni, sem Maríu og Guðrúnu eru ætlaðir í erfðaskránni.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar á því, að samkvæmt sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá hjónanna Gunnars Gíslasonar og Else Margrethe Gíslason frá 28. júlí 1948, sbr. réttarskjal nr. 4, séu Valgeir Óli Gíslason, Gísli Magnússon og Sigurður Ágúst Magnússon bréferfingjar. Valgeir Óli hafi látist 20. október 1976, þ. e. á undan langlífari makanum skv. hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá, og eigi því andlag bréferfðarinnar að renna til þeirra bréferfingja, sem eftir lifa, þ. e. sóknaraðilanna Gísla Magnússonar og Sigurðar Ágúst Magnússonar, að jöfnu. Þar sem andlagið hafi verið selt, sbr. réttarskjal nr. 7, beri dánarbúinu að standa þeim bréferfingjum skil á jafnvirði þess andlags, framreiknuðu skv. verði því, er greinir í réttarskjali nr. 7, eða skv. mati. Skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 4 hafi Johanne Christine Jørgensen verið aðalbréferfingi eftir lát beggja hjóna, en Johanne Christine Jørgensen hafi látist í maí eða júnímánuði 1962. Skammlífari makinn, Gunnar Gíslason, hafi látist 29. júlí 1968. Telja sóknaraðilar, að langlífari makanum, Else Margrethe, hafi verið óheimilt með nýrri erfðaskrá, sbr. réttarskjal nr. 9 og 10, að brjóta gegn hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá, sbr. réttarskjal nr. 4. Telja sóknaraðilar sig lögerfingja, þar sem þeir eru afkomendur Gísla Gunnarssonar, föður skammlífari makans, Gunnars Gíslasonar, en engir lögerfingjar séu eftir langlífari makann.

Sóknaraðilar byggja á því, að þegar erfðaskráin var gerð, hafi Gunnar

Gíslason og Else Margrethe búið í húsi föður Gunnars Gíslasonar og ekki átt eigið húsnæði, þar sem þau hófu ekki að byggja fyrr en í júlí 1949, og því séu líkur á því, að arfur sá, sem Gunnar Gíslason átti í óskiptu búi föður síns, hafi verið aðaleign þeirra hjóna og með erfðaskránni hafi verið vilji þeirra, auk þess að tryggja hag hvors um sig, að þar tilgreindir erfingjar væru í raun aðalferingjar þeirra hjóna. Ekkert annað liggi fyrir um vilja Gunnars heitins Gíslasonar en erfðaskráin frá 1948, og því hafi Else Margrethe verið óheimilt að gera nýja erfðaskrá, sem brjóti í bága við erfðaskrána frá 1948, og skuli með vísan til 38. gr. erfðalaga nr. 8/1962 meta síðari erfðaskrá ógilda. Þessu til stuðnings vísa sóknaraðilar í Hrd. V., 801, og Hrd. LIV., 318.

Sóknaraðilar telja, að nái aðalkrafan ekki fram að ganga, skuli jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, renna til þar tilgreindra bréferfingja skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 4, en helmingur eftirstöðva búans eigi að renna til bréferfingja skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 10 með sömu rökum og fram komi í aðalkröfu. Reisa sóknaraðilar þessa skoðun sína á því, að verði erfðaskráin á réttarskjali nr. 10 metin gild, hafi Else Margrethe verið óheimilt að ráðstafa nema helmingi skýrrar eignar búans, þegar tillit sé tekið til þess, að búinu beri að greiða sóknaraðilunum, þeim Gísla og Sigurði, jafnvirði Suðurgötu 35, Hafnarfirði, sem þeir séu bréferfingjar að skv. erfðaskránni á réttarskjali nr. 4.

Varnaraðilar byggja á því, að erfðaskráin frá 1948 standi því ekki í vegi, að Else Margrethe hafi verið heimilt að gera nýja erfðaskrá árið 1978. Því verði við túlkun á erfðaskránni frá 1948 í fyrsta lagi að líta til þess lagalega umhverfis, sem þá var fyrir hendi. Þá séu í gildi erfðalög frá 25. september 1850 og lög nr. 20 frá 1923, sbr. 88. gr. þeirra laga. Skv. þeim reglum (88. gr. 1. nr. 20/1923) fékk eftirlifandi maki í arf helming af eignum hins látna, þegar aðstæður voru þannig, að hið látna átti ekki arfgenga niðja á lífi og faðir, móðir eða afkomendur þeirra voru á lífi. Tilgangur hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár hafi fyrst og fremst verið sá að tryggja eftirlifandi maka óskert umráð yfir eignum þeirra hjóna og útiloka þar með erfðarétt lögerfingja skv. lögum. Fyrirmæli erfðaskrárinnar um það, hvert eignirnar skyldu renna við dauða hins langlífara, hafi vart verið þeim hjónum ofarlega í sinni, sem best sjáist á því, að þau geri engar breytingar á erfðaskránni við dauða móður frú Else, sem hafi verið einkaerfingi þeirra hjóna, en hún hafi látist á árinu 1962, sex árum á undan Gunnari. Sóknaraðilar benda á orðalag erfðaskrárinnar, þar sem segir, að „við lát þess, er lengur lifir, eða ef þau féllu frá samtímis, þá skuli eigur þeirra ganga til móður frú Else“, verði að túlka á þann veg, að hjónin hafi fyrst og fremst haft í huga að tryggja afkomu móður frú Else, ef þau féllu frá samtímis með skyndilegum hætti, því að náttúruleg mátt standi því almennt

í vegi, að foreldrar erfi börn sín. Við dauða móður frú Else á árinu 1962 hafi þetta skilyrði erfðaskrárinnar ekki verið lengur fyrir hendi. Því verði að skoða aðgerðaleyfi þeirra hjóna um breytingar á hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá við breyttar forsendur á þann veg, að þau hafi litið svo á, að það hjóna, sem lengur lifði, hefði óskert umráð yfir eignum beggja.

Annað komi einnig til, sem skýri aðgerðaleyfi hjónanna. Með erfðalögum nr. 8/1962, sbr. 3. gr. þeirra laga, hafi sú breyting orðið á, að ekki væri lengur þörf á sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá til að tryggja rétt eftirlifandi maka barnlausra hjóna, ef foreldrar beggja væru láttnir. Gísli Gunnarsson, faðir Gunnars, eiginmanns Else, hafi látist í desember 1962. Þá hafi verið rutt úr vegi öllum hindrunum fyrir óskertum umráðum eftirlifandi maka, jafnvel þótt engri erfðaskrá væri til að dreifa. Erfðaskráin frá 1948 hafi því verið óþörf til að tryggja rétt eftirlifandi maka og gegndi því ekki lengur því hlutverki, sem í upphafi hafi verið stefnt að, og því hafi engin þörf verið á því að breyta erfðaskránni. Það sé því með hliðsjón af framansögðu ljóst, að frú Else hafi verið einkaerfingi eiginmanns síns og hafi því skv. 34. og 35. gr. laga nr. 8/1962 haft heimild til að ráðstafa öllum eignum sínum með erfðaskrá og upphefja með þeim hætti þann rétt, sem lögerfingjar hennar og Gunnars Gíslasonar ella myndu hafa átt til erfða eftir þau hjón. Auk þessa eigi Else Margrethe bróður úti í Danmörku, sem myndi ganga til arfs eftir hana, ef erfðaskráin frá 12. desember 1978 væri ógild.

Sóknaraðilar fjalla því næst um það ákvæði í hinni sameiginlegu erfðaskrá þeirra hjóna frá 1948, að „þær eigur, er Gunnar Gíslason á í óskiptu búi hjá föður sínum, en þær ættu að ganga til Valgeirs Óla Gíslasonar, Suðurgötu 74, Gísla Gunnars Magnússonar, Suðurgötu 74, og Sigurðar Ágústs Magnússonar, til heimilis að sama stað, og skiptast jafnt þeirra á milli“. Þeir benda á, að eins og áður hafi verið getið, hafi erfðaskráin frá 1948 fyrst og fremst verið gerð í þeim tilgangi að tryggja eftirlifandi maka umráð yfir eignum þeirra hjóna. Lögin frá 1962 fullnægðu þörfum þeirra að þessu leyti, og hafi því forsendur erfðaskrárinnar verið brostnar. Við skipti á dánarbúi Gísla Gunnarssonar árið 1965 hafi eignin Suðurgata 35, Hafnarfirði, komið í hlut Gunnars Gíslasonar. Þá fyrst hafi verið ljóst, hvað kæmi í hlut Gunnars við skipti á dánarbúi foreldra hans. Engin ástæða hafi þá legið til þess að breyta erfðaskránni frá 1948, enda væri réttur langlífari maka tryggður með lögum, eins og áður hafi komið fram.

Þá vilja varnaraðilar benda á, að Gunnar Gíslason hafi orðið bráðkvaddur árið 1968. Með skiptagerð, sem fram hafi farið 22. júlí 1970, hafi frú Else fengið afhentar allar eignir dánarbús hans til fullrar eignar og umráða án nokkurra kvaða, sbr. réttarskjal nr. 8. Einnig verði það að athuga

í þessu sambandi, að erfðaskráin frá 1948 hafi legið fyrir við áðurnefnda skiptagerð, en þrátt fyrir tilvist erfðaskrárinnar hafi eignir búans engu að síður verið afhentar frú Else án nokkurra takmarkana. Hún hafi því haft fulla og óskerta heimild til að heimila sölu þeirra, ef henni hefði sýnst svo.

Varnaraðilar taka fram, að Suðurgata 35, Hafnarfirði, sé gamalt hús og úr sér gengið. Mjög kostnaðarsamt hafi verið að halda því við, og hafi leiga engan veginn staðið undir útgjöldum. Þegar Tónlistarskóli Hafnarfjarðar hafi flutt úr húsinu árið 1977 í annað húsnæði, en skólinn hafi haft húsið á leigu, hafi frú Else átt tveggja kosta vól, annars vegar að ráðast í kostnaðarsamar endurbætur á húsinu, sem hún hafi hvorki haft vilja né getu til, og hins vegar að reyna að selja það. Hún hafi valið síðari kostinn, enda hafi húsið verið henni fjárhagslegur baggi. Áður en húsið hafi verið sett á sölu, hafi það verið málað að innan og ýmsar minni háttar lagfæringar gerðar á því, sem hafi ekki kostað mikið fé, og hafi Stella Guðmundsdóttir og Pálmi Gíslason, eiginmaður hennar, unnið við það á annan mánuð að mála húsið að innan ásamt frú Else. Húsið hafi síðan verið selt með samningi, dags. 10. apríl 1978, sbr. réttarskjal nr. 7. Með sölu húseignarinnar hafi fallið niður sá réttur, sem þeir Gísli Gunnar og Sigurður Magnússynir kynnu að hafa átt til erfða eftir Gunnar heitinn Gíslason. Þeir öðlist ekki sjálfstæðan rétt til arfshluta eftir Gunnar, þar sem erfðalögin nr. 8/1962 standi því í vegi, eins og áður geti. Ráðstöfun frú Else á umræddri húseign hafi verið í alla staði eðlileg og skynsamleg, þar sem hún hafði amstur, kostnað og áhyggjur af eignarhaldi hennar. Tilgangur sölunnar hafi alls ekki verið sá að koma í veg fyrir hugsanlegan erfðarétt tilgreindra málsaðila, heldur eðlileg ráðstöfun miðað við þarfir arfleifanda. Þá hafi kenningar fræðimanna hnigið í þá átt, að óeðlilegt sé að setja umráða- og ráðstöfunarrétti eftirlifandi maka of þröngar skorður. Erfingjar verði að sætta sig við að verða af fjármunum vegna nauðsynlegra ráðstafana langlífari maka, jafnvel þegar um er að ræða eignir, sem tilgreint er í sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá, að renna skuli til ákveðinna erfingja hins skammlífari. Því sé ljóst, að Gísli Gunnar og Sigurður Ágúst Magnússynir geti ekki byggt erfðarétt af hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá frá 1948.

#### IV.

##### *Niðurstöður.*

Í kröfu sóknaraðila er þess krafist, að erfðaskrá Else Margrethe frá 12. desember 1978 verði dæmd ógild. Af málsástæðum má sjá, að krafan snýr einungis að efni erfðaskrárinnar, en ekki formi. Rétt þykir að kljúfa úrlausnarefni málsins í tvo hluta, í fyrra lagi, hvort sóknaraðilar máls þessa eigi lögerfðarétt eftir þau Else Margrethe og Gunnar Gíslason, í öðru lagi,

hvort þeir Gísli Gunnar og Sigurður Ágúst Magnússynir eigi rétt á framreiknuðu söluandvirði fasteignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, á grundvelli bréferfða í erfðaskránni frá 1948.

Um fyrra úrlausnarefnið mæli erfðaskráin frá 1948 svo um, að móðir frú Else, Johanne Christine Jörgensen, skuli erfa allar eigur búins að undanskildum eignum Gunnars Gíslasonar í óskiptu búi hjá föður sínum, ef þau hjónin skyldu látast samtímis, eða eftir lát þess langlífara. Óumdeilt er, að móðir frú Else lést árið 1962. Erfðaskráin verður ekki skýrð svo, að aðrir skuli erfa hlut hennar á grundvelli erfðaskrárinnar. Sú fyllingarregla er viðurkennd í erfðarétti, að arfleiðsla sé persónuleg, þannig, að látist bréferfingi á undan arfleifanda, falli fjárhlutur sá til lögerfingja arfláta, en ekki til erfingja bréferfingjans. Verður því að telja, að það ákvæði erfðaskrárinnar frá 1948, sem kveður á um arfsrétt móður frú Else, hafi fallið niður við lát hennar. Else Margrethe hafi því verið heimilt að ráðstafa þeim fjárhluta, hvort sem var með lifsgerningi eða dánargerningi, enda kom ekki fram í erfðaskránni bann við slíkri ráðstöfun. Það styrkir þessa niðurstöðu, að með ráðstöfun sinni rýrði hún ekki væntanlegan arfshluta bréferfingja, sem grundvallast á fyrri túlkun á erfðaskránni, að sá vilji verði ekki lesinn úr erfðaskránni, að aðrir hafi átt að koma í stað móður hennar. Í tilvitnuðum hæstaréttardómum sóknaraðila er aðstaðan hins vegar sú, að langlífari maki rýrir arfshlut tilgreinds erfingjahóps með síðari ráðstöfun sinni. Ef erfðaskrá tiltekur ekki, hverjir skuli taka arf eftir lát hins langlífara, gera almennar fyllingarreglur ráð fyrir því, að langlífari makinn hafi óheft umráð eignanna og hafi heimild til þess að ráðstafa eign m. a. með dánargerningi. Samkvæmt framangreindu hefur Else Margrethe ekki brotið gegn ákvæðum erfðaskrárinnar frá 1948 með ráðstöfun á þeim arfshluta, sem falla skyldi til móður hennar. Sóknaraðilar máls þessa geta því ekki krafist þess að fá greiddan þann fjárhluta á grundvelli lögerfðareglna, og verður því að hafna kröfu þeirra.

Síðara úrlausnarefnið snýr að því atriði, hvort þeir Gísli Magnússon og Sigurður Ágúst Magnússon geti krafist þess að fá afhent jafnvirði fasteignarinnar að Suðurgötu 35, Hafnarfirði, úr dánarbúinu. Í erfðaskránni frá 1948 segir: „...eigur þær, er Gunnar Gíslason á í óskiptu búi hjá föður sínum,...“. Ekki verður talið, að skýra beri orðalag erfðaskrárinnar á annan veg en svo, að hér sé átt við arf þann, sem Gunnari Gíslasyni hafði tæmst við gerð erfðaskrárinnar, þ. e. móðurarf hans, sem var í óskiptu dánar- og félagsbúi, enda vafasamt, að ráðstöfun á arfi í vændum eftir föður hans hefði reynst heimil. Tilgangur gagnkvæmra og sameiginlegra erfðaskráa er fyrst og fremst sá að tryggja eftirlifandi maka umráð yfir sameiginlegum eignum, en jafnframt sá, að eftir lát hins langlífara skal eigum þeirra varið á sameiginlegan hátt. Á það verður fallist með varnar-

aðila, að tilgangur erfðaskrárinnar frá 1948 virðist fyrst og fremst hafa verið sá að tryggja langlífari maka óskert umráð yfir eignum þeirra hjóna, en þeim hafi ekki verið ofarlega í huga, hvert arfur færi eftir lát hins langlífara, þar sem náttúrulegumál standi því almennt í vegi, að foreldrar erfi börn sín. Við lát móður Else Margrethe og föður Gunnars Gíslasonar fellur hinn sameiginlegi þáttur erfðaskrárinnar niður. Hinn gagnkvæmi þáttur erfðaskrárinnar stendur þó, meðan bæði lifa, enda sé erfðaskráin ekki afturkölluð. Ljóst má vera, að hefði óskipt dánar- og félagsbú foreldra Gunnars Gíslasonar enn verið til við lát hans, hefði Else Margrethe verið bundin af ákvæðum erfðaskrárinnar, hvað þær eignir varðar, við gerð síðari erfðaskráa. Eftir að óskipta búinu er skipt út, verður ráðstöfun Else Margrethe á þeim eignum, sem að mati réttarins er ósannað, hverjar voru, ekki talin rýra arfsrétt sameiginlegra bréferfingja, af þeirri ástæðu, að ekki er hægt að rýra arfsrétt í óskiptu búi, sem ekki er lengur til. Gísli Magnússon og Sigurður Ágúst Magnússon áttu samkvæmt erfðaskránni ekki rétt á tilteknum hlutum né arfshluta úr dánarbúi langlífari maka, heldur úr óskiptu dánar- og félagsbúi foreldra Gunnars Gíslasonar, og því nær krafa þeirra ekki fram að ganga.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu er erfðaskrá Else Margrethe Gíslason frá 12. desember 1978 gild. Hafnað er aðal- og varakröfu sóknaraðila máls þessa. Samþykkt er krafa varnaraðila Stelli Guðmundsdóttur um framsal á dánarbúi Else Margrethe Gíslason til einkaskipta.

Sóknaraðilar máls þessa skulu óskipt greiða varnaraðilum málskostnað, sem hæfilegur þykir 150.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti. Málskostnaður ber dráttarvexti 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags.

Bogi Hjálmtýsson fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Við skipti á dánarbúi Else Margrethe Gíslason ber að beita ákvæðum erfðaskrár frá 12. desember 1978, og ná kröfur sóknaraðila því ekki fram að ganga.

Stelli Guðmundsdóttur skal framselt dánarbúi Else Margrethe Gíslason til einkaskipta.

Sóknaraðilar máls þessa skulu greiða varnaraðilum in solidum málskostnað, 150.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti. Úrskurðaður málskostnaður skal bera dráttarvexti 15 dögum frá úrskurðardegi til greiðsludags.